

## REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

### 1 .gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. grein reglugerðarinnar:

i) 15. tl. orðast svo: Hlutfall brennisteinshreinsunar: það hlutfall magns af brennisteini sem ekki er losaður út í andrúmsloftið frá brennsluveri á tilteknu tímabili á móti brennisteinsmagninu í því eldsneyti í föstu formi sem kemur inn í brennsluverið og er notað í verinu á sama tímabili.

ii) Í stað „starfsmönnun“ í 17. tl. kemur: starfsmönnum.

iii) stafliður a í 20. tl. orðast svo: eitt eða í blöndu með öðrum efnasamböndum og án þess að það verði fyrir efnabreytingu til að leysa upp hráefni, vörur eða úrgangsefni,

iv) 32. tl. orðast svo: Sá hluti almennings, sem málið varðar: þeir íbúar sem verða fyrir áhrifum eða sem er líklegt að verði fyrir áhrifum eða sem eiga hagsmuna að gæta vegna töku ákvörðunar við veitingu eða breytingu starfsleyfis eða skilyrðum fyrir því; samkvæmt þessari skilgreiningu teljast öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla allar kröfur laga, hafa hagsmuna að gæta.

v) Í stað „gæðatala sem tölugildi, gefin“ í 45. tl. kemur: massi, gefinn.

### 2 .gr.

Í stað „Umhverfis- og auðlindaráðherra“ í 4. gr. kemur; Ráðherra.

### 3 .gr.

Ákvæði 5. gr. ásamt fyrirsögn orðast svo:

#### *Starfsleyfi.*

Allur atvinnurekstur, sbr. I., IX. og X. viðauka, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 7. gr. Starfsemi skal veitt starfsleyfi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki verið skráður.

Óheimilt er að gefa út eða breyta starfsleyfi til atvinnurekstrar sem fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana fyrr en álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat liggur fyrir eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin skuli ekki háð umhverfismati, eftir því sem við á.

Allur atvinnurekstur, sbr. I., IX. og X. viðauka skal samræmast skipulagsáætlunum sbr. skipulagslög, eftir því sem við á.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, sbr. einnig 13. og 14. gr.

Leiði endurskoðun eða breyting á starfsleyfi til breytinga á starfsleyfisskilyrðum, sbr. 8. gr., skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist útgefanda. Útgefandi starfsleyfis skal birta umsókn um framlengingu á vefsvæði sínu og auglýsa áform um framlengingu á starfsleyfi í allt að tvær vikur, áður en ákvörðun um framlengingu er tekin.

Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilfellum þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir reglugerð þessa, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild í allt að eitt ár, að hans beiðni fyrir starfsemiinni samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heimilt er að framlengja þessa bráðabirgðaheimild um eitt ár að uppfylltum skilyrðum þessarar greinar.

### 4 .gr.

Ákvæði 6. gr. ásamt fyrirsögn orðast svo:

#### *Útgáfa starfsleyfis.*

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. I. og IX. viðauka og fyrir starfsemi sem staðsett er á hafi utan sveitarfélagamarka. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. X. viðauka, sbr. þó 7. gr.

Rekstraraðilar skulu tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi. Umsóknnum skal, eftir því sem við á hverju sinni, fylgja lýsing á eftirfarandi:

- a. stöðinni og starfseminni,
- b. hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd í stöðinni,
- c. upptökum losunar í stöðinni,
- d. staðháttum við stöðina,
- e. eftir atvikum skýrslu um grunnástand í samræmi við 2. mgr. 15 gr.,
- f. eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreining á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið,
- g. áformaðri tækni og öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða, ef það tekst ekki, draga úr losun frá stöðinni,
- h. fyrirbyggjandi ráðstöfunum, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast í stöðinni og áætlun um meðhöndlun úrgangs,
- i. frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr.,
- j. ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið,
- k. helstu valkostum, sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað áformaðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi yfirlits.

Einnig skal fylgja afrit af gildandi deiliskipulagi eða gildandi aðalskipulagi sé deiliskipulag ekki til staðar, eftir því sem við á hverju sinni.

Í umsókn um starfsleyfi skal einnig vera samantekt, sem ekki er á tæknimáli, um þau atriði sem getið er í 2. mgr.

Heimilt er að setja eftirfarandi upplýsingar í umsóknina eða láta þær fylgja henni ef þær uppfylla einhver skilyrða 2. mgr.:

- a. upplýsingar, sem eru veittar í samræmi við kröfur sem kveðið er á um í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðum settum samkvæmt þeim,
- b. öryggisskýrslu sem tekin er saman í samræmi við IV. kafla reglugerðar um varnir gegn hættu á störslysum af völdum hættulegra efna,
- c. aðrar upplýsingar, sem eru lagðar fram í samræmi við önnur lög.

Sé atvinnurekstur, sbr. I., IX. og X. viðauka, háður mati á umhverfisáhrifum eða tilkynningarskyldur skal álit eða ákvörðun Skipulagsstofnunar liggja fyrir þegar sótt er um starfsleyfi, sbr. þó heimild til samþættingar skýrslugerðar og umsóknar um starfsleyfi, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Með umsókn um starfsleyfi skal fylgja greining framkvæmdaraðila á því hvort forsendur matsskylduákvörðunar hafi breyst verulega frá því að ákvörðun um matsskyldu var tekin. Það sama á við um matsskyldar framkvæmdir en þá skal fylgja greining á því hvort forsendur umhverfismats hafi breyst verulega frá umhverfismatsskýrslu og áliti um umhverfismat framkvæmdarinnar, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Atvinnurekstur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag eða eftir atvikum strandsvæðisskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar, sbr. IX. og X. viðauka, enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Útgefandi starfsleyfis skal leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti.

Varði umsókn um leyfi strandsvæði samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er leyfisveitanda heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir svæðið. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.

Eftir að fullnægjandi umsókn hefur borist útgefanda starfsleyfis skal hann vinna tillögur að starfsleyfi. Falli framkvæmdin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal útgefandi starfsleyfis leggja matið til grundvallar.

Útgefandi starfsleyfis skal auglýsa tillögu að starfsleyfi opinberlega á vefsíðu sinni, hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem hafa gert athugasemdir tilkynnt um afgreiðsluna. Einnig skal eftir atvikum tilkynna Skipulagsstofnun um útgáfu leyfisins, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Útgefandi starfsleyfis skal auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Birting á vefsíðu útgefanda starfsleyfis telst vera opinber birting. Starfsleyfi skal fylgja greinargerð þar sem farið er yfir málsmeðferðina, gert er rökstutt grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar, ef við á og gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust.

5 .gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, 6. grein a., sem orðast svo ásamt fyrirsögn;

*Aðgangur að upplýsingum og birting.*

Útgefandi starfsleyfis skal hafa upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi skv. 1. mgr. 6.gr., umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kæruheimildir, skráningar, sbr. 7. gr., framlengd starfsleyfi, bráðabirgðaheimildir fyrir starfsemi og aðrar viðeigandi upplýsingar á vefsvæði sínu, sbr. viðauka IV. Útgefandi starfsleyfis skal hafa aðgengilegar, þ.m.t. á vefsíðu sinni í tengslum við a-, b- og f-lið, eftirfarandi upplýsingar:

- a. efni ákvörðunarinnar um útgáfu starfsleyfis, þ.m.t. afrit af starfsleyfinu og öllum síðari breytingum,
- b. forsendur sem ákvörðunin byggist á,
- c. samantekt um samráð sem fram fór áður en ákvörðunin var tekin og afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust,
- d. tilvísunarskjal um bestu aðgengilegu tækni viðkomandi starfsemi,
- e. hvernig starfsleyfisskilyrðin sem um getur í 8. gr., þ.m.t. viðmiðunarmörk fyrir losun, hafa verið ákvörðuð í tengslum við bestu aðgengilegu tækni og losunargildin sem tengjast bestu aðgengilegu tækni,
- f. þar sem undanþága hefur verið veitt í samræmi við 5. mgr. 9. gr.: ástæðurnar fyrir þeirri undanþágu á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein og skilyrðin sem sett eru.

Útgefandi starfsleyfis skal einnig gera öllum aðgengilegar, þ.m.t. á vefsíðu sinni a.m.k. í tengslum við a-lið:

- a. viðeigandi upplýsingar um ráðstafanir sem rekstraraðili hefur gert vegna endanlegrar stöðvunar starfsemi í samræmi við 15. gr.,
- b. niðurstöður vöktunar á losun eins og krafist er í starfsleyfisskilyrðum og eftirlitsaðili er ábyrgur fyrir.

6 .gr.

Ákvæði 7. gr. orðast svo:

Um framkvæmd skráningarskyldu fer samkvæmt reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7 .gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar.

i) Ákvæði 1. mgr. 8. gr. orðast svo:

Umhverfisstofnun skal tryggja að í starfsleyfi, sbr. viðauka I. og IX., séu öll skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja að farið verði að kröfum 11. og 54. gr. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skal það koma fram í starfsleyfi. Starfsleyfisskilyrði skulu að lágmarki fela í sér ákvæði um:

- a. viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna sem tilgreind eru í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 166/2006, um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna sbr. reglugerð um útstreymisbókhald og fyrir önnur mengandi efni, sem telja má líklegt að verði losuð frá viðkomandi stöð í umtalsverðu magni, með hliðsjón af eðli þeirra og getu til að færa mengun frá einum stað til annars,
- b. viðeigandi kröfur sem tryggja vernd jarðvegs og grunnvatns og ráðstafanir varðandi vöktun og stjórnun úrgangs sem myndaður er í stöðinni,
- c. viðeigandi kröfur um vöktun losunar þar sem tilgreint er:
  - a. aðferðafræði við mælingar, tíðni og matsferli, og
  - b. þar sem b-lið 3. mgr. 9. gr. er beitt: að niðurstöður vöktunar á losun séu tiltækar fyrir sama tímabil og viðmiðunaraðstæður og fyrir losunargildin sem tengjast bestu aðgengilegu tækni,

- d. upplýsingagjöf til útgefanda starfsleyfis með reglubundnum hætti og minnst árlega:
  - a. upplýsingar á grundvelli niðurstaðna vöktunar á losun sem um getur í c-lið og önnur nauðsynleg gögn sem gera eftirlitsaðila kleift að sannreyna hvort farið sé að leyfis-skilyrðunum og
  - b. þar sem b-lið 3. mgr. 9. gr. er beitt: samantekt á niðurstöðum vöktunar á losun sem gerir mögulegan samanburð við losunargildin sem tengjast bestu aðgengilegu tækni,
- e. viðeigandi kröfur um reglulegt viðhald og eftirlit að því er varðar ráðstafanir sem gerðar eru til að fyrirbyggja losun í jarðveg og grunnvatn skv. b-lið og viðeigandi kröfur varðandi reglu-bundið eftirlit með jarðvegi og grunnvatni í tengslum við viðkomandi hættuleg efni sem eru líkleg til að finnast á staðnum og með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á stöðvarsvæðinu,
- f. ráðstafanir varðandi önnur skilyrði en venjuleg rekstrarskilyrði, svo sem ræsingar- og stöðvunaraðgerðir, leka, bilanir, tímabundnar stöðvanir og endanlega stöðvun rekstrar,
- g. lágmörkun viðfeðmrar mengunar eða mengunar sem fer yfir landamæri,
- h. skilyrði fyrir mati á samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun eða tilvísun í viðeigandi kröfur sem tilgreindar eru annars staðar og
- i. áhættumat, viðbragðsáætlun og bráðamengunartryggingu eða aðra tryggingu sem Umhverfis-stofnun metur gilda, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- j. aðferðafræði við mælingar, tíðni og matsferli, þ. á m. geta verið kröfur um faggilta rannsókn-aðila eða kröfur um að farið sé að ÍST stöðlum eða alþjóðlegum stöðlum sem Umhverfis-stofnun telur mikilvægt að gildi til að tryggja vísindaleg gæði mælinga eða ef sú krafa kemur til vegna bestu

ii) Orðin „í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 1. ml. 9. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir“ falla brott úr 3. mgr.

iii) Í stað „viðundandi“ í 6. mgr. kemur: viðunandi.

iv) Í stað „IX. og X“ í 7. mgr. kemur: X.

#### 8. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, 13. a sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

##### *Handhafabreyting.*

Komi nýr rekstraraðili að rekstrinum skal óska eftir handhafabreytingu á því formi sem útgefandi starfsleyfis leggur til. Samþykki útgefandi starfsleyfis umsóknina skal hann breyta handhafa starfsleyfisins enda sé eingöngu um að ræða breytingu á handhafa starfsleyfis og starfsleyfisskilyrði haldast óbreytt.

#### 9. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 14. gr. reglugerðarinnar.

i. Í stað „uppfæra þau“ í 1. mgr. 14. gr. kemur: breyta þeim.

ii. Ákvæði 4. - 6. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra ára frá ákvörðun Sameiginlegu EES-nefndarinnar um að taka upp BAT-niðurstöðu í EES samninginn varðandi aðalstarfsemi stöðvar tryggja að:

- a. öll starfsleyfisskilyrði fyrir viðkomandi stöð séu endurskoðuð og ef nauðsyn krefur sé þeim breytt til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð, einkum 3. og 4. mgr. 9. gr. eftir því sem við á;
- b. stöðin uppfylli starfsleyfisskilyrði.

Við endurskoðun starfsleyfis skal útgefandi starfsleyfis taka tillit til allra nýrra eða uppfærðra BAT-niðurstaðna sem við á fyrir stöðina og samþykktar hafa verið síðan starfsleyfið var veitt eða endurskoðað síðast. Þegar stöð fellur ekki undir BAT-niðurstöður skal endurskoða starfsleyfisskilyrðin og ef nauðsyn krefur breyta þeim að svo miklu leyti sem þróun á bestu aðgengilegu tækni gerir mögulega umtalsverða minnkun á losun.

Starfsleyfisskilyrðin skal endurmeta og ef nauðsyn krefur breyta þeim a.m.k. í eftirfarandi tilvikum:

- a. þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu,
  - b. þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglugerðarinnar.

i) Ákvæði 2. mgr. orðast svo;

Þegar tvö eða fleiri aðskilin brennsluver, sem veitt hefur verið leyfi eru uppsett þannig, að teknu tilliti til tæknilegra og efnahagslegra þátta, að úrgangslöft þeirra gæti, að mati Umhverfisstofnunar verið losað gegnum sameiginlegan reykþáf skal líta á samsetninguna sem mynduð er af þessum verum sem eitt brennsluver og leggja afkastagetu þeirra saman til að reikna heildarnafnvarmaaflið.

ii) Eftirfarandi málsgrein bætist við greinina:

Í þeim tilgangi að reikna út heildarnafnvarmaafll samsetningar brennsluvera sbr. 1. og 2. mgr., skal ekki telja með einstök brennsluver með nafnvarmaafll undir 15 MW.

11. gr.

Í stað „uppfæra“ í 3. mgr. 28. gr. kemur: breyta.

12. gr.

Í stað „húðunarstarfsemi“ í 1. ml. 3. mgr. 41. gr. kemur: starfsemi með yfirborðsmeðhöndlunarefni.

13. gr.

Á eftir orðinu „Umhverfisstofnun“ í 1. mgr. 51. gr. kemur: og eftir atvikum hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd.

14. gr.

Textinn „VII.“ í 52. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

15. gr.

Á eftir orðinu „viðauka“ í 1. ml. 1. mgr. 54. gr kemur: og eftir atvikum X. viðauka.

16. gr.

Í stað „stofnunin“ í 2. mgr. 55. gr. kemur: eftirlitsaðili.

17. gr.

Ákvæði 1. mgr. 56. gr. orðast svo:

Rekstraraðilar, sbr. I., IX. og X. viðauka, skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerða settra samkvæmt þeim, starfsleyfisskilyrði og almennar kröfur, sbr. reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 57. gr. reglugerðarinnar:

i) Orðið „VII“ fellur hvarvetna brott.

ii) Í stað „verulegt brot“ í 4. mgr. kemur: alvarleg frávik.

iii) Orðin „eða Svansvottun“ falla brott úr 4. mgr.

iv) Í stað „uppfærslu“ í 5. mgr. kemur: breytingu.

v) Á eftir orðinu „Skýrslan“ í 6. mgr. kemur: eins og hún er send til rekstraraðila.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 58. gr. reglugerðarinnar:

i) Orðið „VII“ fellur brott í 1. mgr.

ii) Á eftir „um“ í 2. mgr. kemur: tímasetta áætlun um.

20. gr.

Ákvæði 59. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Þeir sem starfa samkvæmt reglugerð þessari eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga. Upplýsingar og tilkynningar eftirlitsaðila til fjölmiðla skulu vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitsshækki að óþörfu.

21. gr.

Orðin „fyrir skráningu, starfsleyfi og eftirlit“ í 60. gr. reglugerðarinnar falla brott.

22. gr.

Fyrirsögn kafla XII orðast svo: Málsmeðferð ofl.

23. gr.

Ákvæði 61. gr. orðast svo ásamt fyrirsögn. *Viðurlög þvingunarúrræði ofl.*

Um málsmeðferð og úrskurði, valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

24. gr.

Kaflar XIII og XIV falla brott.

25. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur brott.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á I. viðauka reglugerðarinnar.

i) Fyrirsögn I. viðauka með reglugerðinn verður: Starfsemi sem Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir (I).

ii) Töluliður 6.9 í I. viðauka orðist svo: Föngun koldíoxíðsstrauma frá atvinnurekstri sem fellur undir lög þessi til geymslu í jörðu.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IX. viðauka reglugerðarinnar.

i) Fyrirsögn IX. viðauka með reglugerðinn verður: Starfsemi sem Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir (II).

ii) Töluliður 9 orðist svo:

9. Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, sbr. 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs

- a) þar sem heimild er til meðhöndlunar á meira en 2.500 tonnum af spilliefnum á ári,
- b) þar sem heimild er til meðhöndlunar á 500-2.500 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta á staðnum 10.000 tonn af úrgangsolíu á ári eða meira,
- c) þar sem heimild er til meðhöndlunar á 50-499 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta á staðnum minna en 10.000 tonn af úrgangsolíu á ári,
- d) þar sem heimild er til meðhöndlunar á minna en 50 tonnum af spilliefnum á ári eða þar sem einvörðungu eru meðhöndlaðir rafgeymar.

iii) Töluliður 10 fellur brott.

iv) Eftirfarandi töluliðir bætast við viðaukann

11. Endurvinnsla skipa yfir 500 brúttótonnum, sbr. 64. gr. a laga um meðhöndlun úrgangs.

12. Málningarvöruframleiðsla.

13. Kítín- og kítosanframleiðsla.

28. gr.

Viðauki X orðast svo ásamt fyrirsögn;

X. VIÐAUKI

Starfsemi sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi, sbr. þó 7. gr.

Í viðauka við reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, er nánar tilgreint hvaða atvinnurekstur í þessum viðauka er skráningarskyldur.

1. Aksturs- og/eða kennslubraut.
2. Bensinstöð.
3. Bifreiða- og vélaverkstæði.
4. Bifreiðasprautun.
5. Bón- og bílapvottastöð.

6. Brenna, stærri en 100 m<sup>3</sup>.
7. Dýraspítali.
8. Efnalaug.
9. Eldi alifugla, annað en í viðauka I.
10. Eldi svína, annað en í viðauka I.
11. Endurnýting úrgangs, önnur en í viðauka I.
12. Endurvinnsla skipa undir 500 brúttótonnum, sbr. 64. gr. a laga um meðhöndlun úrgangs.
13. Flugeldasýning.
14. Flugvöllur, þ.m.t. flugstöð, sem áætlunarflug er til.
15. Flutningur úrgangs.
16. Framköllun, t.d. á ljós-, röntgen- og kvikmyndum.
17. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaíðnað.
18. Framleiðsla á áfengi, gosdrykkjum og vatni.
19. Framleiðsla á hreinsi- og þvottaefnum.
20. Framleiðsla á ilmvatni og snyrtivörum.
21. Framleiðsla á olíu og feiti.
22. Framleiðsla á spónaplötum, límtré og þess háttar, önnur en í viðauka I.
23. Framleiðsla fódurs.
24. Framleiðsla glers, önnur en í viðauka I.
25. Framleiðsla leirvara með brennslu, önnur en í viðauka I.
26. Framleiðsla plasts, önnur en í viðauka I.
27. Garðaúðun.
28. Geymsla gass og annarra hættulegra efna.
29. Geymsla olíumalarefna og lagning utan fastra starfsstöðva, önnur en í viðauka II.
30. Gæludýraverslun.
31. Heitloftspurrkun fiskafurða, önnur en í viðauka I.
32. Hreinsivirki fráveitu sem meðhöndlar meira en 50 pe.
33. Jarðborun.
34. Kaffivinnsla.
35. Kanínurækt.
36. Kartöfluvinnsla, önnur en í viðauka I.
37. Kjötvinnsla, önnur en í viðauka I.
38. Lauksteikingarverksmiðja.
39. Leðurvinnsla, önnur en í viðauka I og IX.
40. Líkbrennsla.
41. Loðdýrarækt.
42. Meðhöndlun asbests.
43. Meðhöndlun seyru, þ.m.t. flutningur, notkun og hreinsun.
44. Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni, önnur en í viðauka I.
45. Meindýravarnir.
46. Mjólkurbú og ostagerð, önnur en í viðauka I.
47. Mjöl- og lýsisvinnsla, önnur en í viðauka I.
48. Móttökustöð fyrir úrgang, aðrar en í viðauka I og IX.
49. Niðurrif bifreiða og bílapartasala.
50. Niðurrif mannvirkja.
51. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla, önnur en í viðauka I.
52. Prentun þar sem er notkun á mengandi efnum.
53. Ryðvarnarverkstæði.
54. Saltvinnsla.
55. Samgöngumiðstöð.
56. Skotvöllur.
57. Sláturhús, önnur en í viðauka I.
58. Smurstöð.
59. Spennistöð þar sem spennar innihalda yfir 2.000 lítra af olíu.
60. Starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi.
61. Steypueiningaverksmiðja.

62. Steypustöð.
63. Tannlæknastofa.
64. Trésmíðaverkstæði, önnur en í viðauka I.
65. Vefnaðar- og spunaverksmiðja
66. Vinnsla á hrájární eða stáli, önnur en í viðauka I.
67. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða, önnur en í viðauka I.
68. Vinnsla gúmmís.
69. Vinnsla jarðefna, þ.m.t. legsteinagerð, önnur en í viðauka I.
70. Vinnsla járnlausra málma, önnur en í viðauka I.
71. Vinnsla málma, önnur en í viðauka I.
72. Virkjun og orkuveita frá 1 MW.
73. Yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysum, önnur en í viðauka I.
74. Yfirborðsmeðferð málma eða plastefna, önnur en í viðauka I.
75. Þvottahús, þ.m.t. ullarþvottastöð.
76. Æfingasvæði slökkviliðs.
77. Önnur sambærileg starfsemi.

29. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og efnalög nr. 61/2013. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varða skyldur sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 43. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.